Kaldrananeshreppur

Ársreikningur
2017

Kaldrananeshreppur
Holtagötu 4
520 Drangsnes

Kt.680169-0719

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar 3

Áritun óháðs endurskoðanda 4

Rekstrarreikningur 6

Efnahagsreikningur 7

Sjóðstreymisyfirlit 9

Skýringar 10

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Kaldrananeshrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 136,9 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 118,2 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem var lögbundið hámark árið 2017. Álagningahlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,50% sem er lögbundið hlutfall. í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,4% en lögbundið hámark þess er 1,32%. Sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C- flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 346 þús. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 3,0 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2017 nam 274,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 296,5 millj. kr.

Ársreikningur Kaldrananeshrepps fyrir árið 2017 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Drangsnes, 11/6 2018.

Oddviti:

Finnur Ólafsson

Ársreikningur Kaldrananeshrepps fyrir árið 2017 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2012 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Drangsnes, 19.6 2018.

Sveitarstjórn:

Guðbrandur Pálsson

Ingólfur Árni Haraldsson

Magnús Ólafsson

Jenný Jensdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Kaldrananeshrepps fyrir árið 2017 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við sveitarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 19 / 6 2018.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2017	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	57.290	55.059	54.799	56.644	54.459	54.074
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	37.833	35.261	45.247	37.833	35.261	45.247
Aðrar tekjur	4	23.070	19.708	26.747	42.457	36.618	39.133
		118.194	110.028	126.792	136.935	126.338	138.454
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	73.740	61.545	60.306	75.763	63.365	63.873
Annar rekstrarkostnaður		43.755	44.771	41.934	51.035	54.411	54.514
		117.495	106.316	102.240	126.799	117.776	118.387
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		699	3.712	24.553	10.136	8.562	20.067
Afskriftir	8	(5.108)	(5.110)	(5.108)	(7.972)	(8.174)	(7.972)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(4.409)	(1.398)	19.445	2.164	388	12.094
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	1.407	581	1.196	517	(329)	2
Tekjuskattur		0	0	0	(2.334)	0	1.345
Rekstrarniðurstaða	13	(3.002)	(817)	20.641	346	59	13.442

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	A hluti 2017	A hluti 2016	A og B hluti 2017	A og B hluti 2016
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir	8	136.507	141.615	136.652	141.759
Hafnar- og veitumannvirki	8	0	0	25.571	28.744
Áhöld og tæki	8	749	209	3.103	2.828
		137.256	141.823	165.326	173.331
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	9	70.148	70.148	70.148	70.148
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	10	7.915	11.421	0	0
Skatteign	11	0	0	2.358	3.881
		78.062	81.568	72.506	74.028
Fastafjármunir		215.318	223.392	237.832	247.359
Veltufjármunir					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	12	10.975	8.950	14.201	11.038
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		55.036	49.587	0	0
Aðrar skammtímakröfur		5.308	3.736	5.317	3.707
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	10	3.704	3.484	0	0
Handbært fé	3j	40.972	33.187	40.972	33.187
Veltufjármunir		115.996	98.945	60.489	47.932
Eignir samtals		331.314	322.336	298.321	295.292

31. desember 2017

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti 2017	A hluti 2016	A og B hluti 2017	A og B hluti 2016
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	13	296.450	299.452	274.786	274.439
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	14	4.447	6.557	4.447	6.557
		4.447	6.557	4.447	6.557
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		12.644	2.032	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	2.224	2.186	2.224	2.186
Aðrar skammtímaskuldir		15.550	12.110	16.865	12.110
		30.418	16.327	19.088	14.295
Skuldir og skuldbindingar samtals		34.865	22.884	23.535	20.852
Eigið fé og skuldir samtals		331.314	322.336	298.321	295.292

Skuldbindingar
utan efnahagsreiknings 16

Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

	Skýr	A hluti Ársreikningur 2017	A hluti Áætlun 2017	A hluti Ársreikningur 2016	A og B hluti Ársreikningur 2017	A og B hluti Áætlun 2017	A og B hluti Ársreikningur 2016
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	13	(3.002)	(817)	20.641	346	59	13.442
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	5.108	5.110	5.108	7.972	8.174	7.972
Verðbætur		(122)	(30)	(84)	137	300	290
Tekjuskattseign, breyting		0	0	0	2.334	0	(1.345)
Veltufé frá rekstri		1.984	4.263	25.665	10.789	8.533	20.359
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Óinnheimtar tekjur, breyting		(2.025)	0	237	(3.162)	0	237
Skammtímakr, lækkun, breyting		(1.572)	0	2.424	(1.610)	0	3.628
Skammtímaskuldir, breyting		3.440	0	1.523	4.755	0	1.325
Tekjuskattur til greiðslu		0	0	0	(811)	0	0
Samtals		(157)	0	4.184	(829)	0	5.190
Handbært fé frá rekstri		1.826	4.263	29.849	9.961	8.533	25.549
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.	8	(540)	0	0	33	0	0
Langtímakr. á eigin ft, breyting		3.544	3.541	3.334	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		3.004	3.541	3.334	33	0	0
Fjármögnunarhreyfingar							
Viðskiptastaða eigin ft, breyting		5.163	729	(7.633)	0	0	0
Afborganir langtímalána	14	(2.209)	(2.587)	(5.701)	(2.209)	(2.587)	(5.701)
Fjármögnunarhreyfingar		2.955	(1.858)	(13.334)	(2.209)	(2.587)	(5.701)
Hækkun á handbæru fé		7.785	5.946	19.849	7.785	5.946	19.849
Handbært fé í ársbyrjun		33.187	14.971	13.338	33.187	14.971	13.338
Handbært fé í árslok		40.972	20.917	33.187	40.972	20.917	33.187

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Kaldrananeshreppur er sveitarfélag á Ströndum og var fjöldi íbúa þess 109 þann 1. desember 2017. Skrifstofa sveitarfélagsins er á Holtagötu, Drangsnesi.
Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kaldrananeshrepps árið 2017 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.
Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita og Hitaveita.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting í gatnagerð og veitukerfum er eignfærð að frádregnum álögðum gatnagerðargjöldum.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar	25 - 40 ár
Veitukerfi	25 ár
Hafnarmannvirki	25 ár
Áhöld og búnaður	6 - 7 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

g. Tekjuskattsinneign

Tekjuskattur Hitaveitu Kaldrananeshrepps af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í landi og gatnaframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002, hefur áður verið gjaldfærð og er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

l. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

m. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Skrá um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu 16.

n. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Ekki voru gerðir viðaukar við áætlun.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2017	**Áætlun 2017**	**Ársreikningur 2016**	**Ársreikningur 2017**	**Áætlun 2017**	**Ársreikningur 2016**
Útsvar og fasteignaskattur:						
Útsvar	52.884	50.000	50.483	52.884	50.000	50.483
Fasteignaskattur	3.830	4.529	3.745	3.184	3.929	3.019
Lóðarleiga	576	530	571	576	530	571
	57.290	55.059	54.799	56.644	54.459	54.074
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Framlag vegna fasteignaskatts	9.323	9.167	8.907	9.323	9.167	8.907
Framlög vegna grunnskóla	4.975	6.600	16.182	4.975	6.600	16.182
Útgjaldajöfnunarframlag	23.332	17.494	20.158	23.332	17.494	20.158
	37.833	35.261	45.247	37.833	35.261	45.247
Skatttekjur samtals	95.124	90.320	100.046	94.477	89.720	99.321
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur	23.070	19.708	26.747	42.457	36.618	39.133
	23.070	19.708	26.747	42.457	36.618	39.133
Rekstrartekjur samtals	118.194	110.028	126.792	136.935	126.338	138.454

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	57.113	49.703	48.568	58.811	51.228	51.530
Launatengd gjöld	13.647	11.842	11.738	13.971	12.137	12.343
Framlög vegna uppgjörs A deildar Brúar lífeyrissjóðs	2.980	0	0	2.980	0	0
Laun og launat.gjöld samtals	73.740	61.545	60.306	75.763	63.365	63.873

	2017	**2016**
Fjöldi stöðugilda í árslok	9	8
Ársverk	9	8
Laun og launatengd gjöld sveitarstjóra og sveitarstjórnar	9.777	7.186

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Vaxtatekjur og verðbætur	628	140	618	678	161	630
Arður af eignarhlutum	275	240	234	275	240	234
Vaxtagjöld og verðbætur	(437)	(730)	(851)	(437)	(730)	(862)
Vextir frá eigin fyrirtækjum	941	931	1.195	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	1.407	581	1.196	517	(329)	2

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	97.445	92.491	102.382
Félagsþjónusta	(2.097)	(3.811)	(4.056)
Fræðslu- og uppeldismál	(55.483)	(51.585)	(45.971)
Menningarmál	(758)	(2.080)	(1.176)
Æskulýðs- og íþróttamál	(20.732)	(16.500)	(17.729)
Brunamál og almannavarnir	(2.784)	(2.495)	(2.565)
Hreinlætismál	1.055	(1.466)	955
Skipulags- og byggingarmál	(2.074)	(1.644)	(1.283)
Umferðar- og samgöngumál	(1.787)	(1.080)	(1.565)
Umhverfismál	(2.381)	(2.199)	(2.749)
Atvinnumál	(320)	(369)	(212)
Sameiginlegur kostnaður	(17.358)	(12.883)	(14.114)
Framlag vegna A deildar Brúar	(2.980)	0	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4.534	4.110	4.809
Aðalsjóður samtals	(5.718)	489	16.725
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	2.716	(1.306)	3.916
A hluti samtals	(3.002)	(817)	20.641
B hluta fyrirtæki:			
Hafnarsjóður	(4.171)	(1.893)	(5.322)
Vatnsveita	3.188	460	514
Hitaveita	4.332	2.309	(2.392)
A og B hluti samtals	346	59	13.442

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Áhöld og tæki	Samtals
A hluti			
Heildarverð 1.1.2017	249.095	2.086	251.181
Afskrifað áður	(107.480)	(1.877)	(109.357)
Bókfært verð 1.1.2017	141.615	209	141.824
Viðbót á árinu	0	540	540
Afskrifað á árinu	(5.108)	0	(5.108)
Bókfært verð 31.12.2017	136.507	749	137.256
Samtals heildarverð 31.12.2017	249.095	2.626	251.721
Afskrifað samtals	(112.588)	(1.877)	(114.465)
Bókfært verð 31.12.2017	136.507	749	137.256
Afskriftarhlutföll	2,5-4%	15%	

	Fasteignir og lóðir	Hafnar- og tumannvirki	Áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti				
Heildarverð 1.1. 2017	250.540	88.124	8.711	347.375
Afskrifað áður	(108.781)	(59.380)	(5.883)	(174.044)
Bókfært verð 1.1. 2017	141.759	28.744	2.828	173.331
Viðbót á árinu	0	(573)	540	(33)
Afskrifað á árinu	(5.107)	(2.600)	(265)	(7.972)
Bókfært verð 31.12.2017	136.652	25.571	3.103	165.326
Samtals heildarverð 31.12.2017	250.540	87.551	9.251	347.342
Afskrifað samtals	(113.888)	(61.980)	(6.148)	(182.016)
Bókfært verð 31.12 2017	136.652	25.571	3.103	165.326
Afskriftarhlutföll	2,5-4%	4%	15%	

b. Fjárfesting

Fjárfestingar í varanlegum reksrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2017	Áætlun 2017
A hluti		
Áhöld og tæki:		
Sláttutraktor	540	0
Áhöld og tæki samtals	540	0
A hluti samtals	540	0
B hluti		
Hitaveita		
Tengigjöld	(573)	0
Hitaveita samtals	(573)	0
Samtals A og B hluti	(33)	0

b. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og vátryggingaverð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna	483.520	487.084
Fasteignamat	145.941	148.962
Vátryggingaverðmæti lausafjármuna	108.139	126.584
Vátryggingaverðmæti hafna		240.552
Vátryggingaverðmæti veitumannvirkja		142.181

9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Fiskvinnslan Drangur ehf.	28,49%	28,49%	7.747	7.747
Strandaskel ehf.	17,94%	17,94%	3.000	3.000
Laugarhóll ehf.	53,56%	53,56%	17.036	17.036
Útgerðarfélagið Skúli ehf.	47,70%	47,70%	37.500	37.500
Sorpsamlag Strandasýslu ehf.	18,10%	18,10%	2.409	2.409
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	0,06%	0,06%	4.956	4.956
			72.648	72.648
Niðurfærsla eignahluta			(2.500)	(2.500)
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals			70.148	70.148

10. Langtímakröfur á eigin fyrirtæki:

Breyting langtímakrafna A hluta á B hluta greinist þannig:

	A hluti
Staða langtímakrafna í ársbyrjun	14.904
Afborganir langtímakrafna á árinu	(3.544)
Verðbætur	259
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	11.619
Næsta árs afborganir	(3.704)
Langtímakröfur í árslok	7.915

Afborganir langtímakrafna á eigin fyrirtæki í B hluta greinast þannig á næstu ár:

Árið 2018	3.704
Árið 2019	3.870
Árið 2020	4.045
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	11.619

11. Tekjuskattsinneign

Hitaveita Drangsnes er B hluta fyrirtæki í ársreikningi sveitarfélagsins en fyrirtækið er skattskylt samkvæmt lögum um orkufyrirtæki nr. 50/2005. Tekjuskattur er reiknaður miðað við skatthlutfall samkvæmt gildandi lögum á uppgjörsdegi, nú 37,6%

Tekjuskattseign skattskyldra eininga í A og B hluta greinist þannig:

	A og B hluti
Tekjuskattsinneign í ársbyrjun	3.881
Reiknaður tekjurskattur	(2.334)
Tekjuskattur til greiðslu	811
Tekjuskattsinneign í árslok færð til eignar	2.358

Tekjuskattseign sveitarfélagsins skiptist þannig í árslok:

Varanlegir rekstrarfjármunir	2.358
	2.358

12. Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:	A hluti	A og B hluti
Óinnheimtar skatttekjur	5.453	5.453
Óinnheimtar aðrar tekjur	5.522	8.748
Óinnheimtar tekjur í árslok	10.975	14.201

Niðurfærsla óinnheimtra tekna og annara skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	3.100	3.776
Niðurfærsla, breyting á árinu	1.600	1.600
Niðurfærsla í árslok	4.700	5.376

13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1. 2017	299.452	274.439
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ársins	(3.002)	346
Eigið fé 31.12. 2017	296.450	274.785

14. Skuldir við lánastofnanir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Staða lána í ársbyrjun	8.743	8.743
Afborganir af lánum	(2.209)	(2.209)
Verðbætur	137	137
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	6.671	6.671
Næsta árs afborganir	(2.224)	(2.224)
	4.447	4.447
Lánin eru verðtryggð og eru meðalvextir í árslok	3,36%	3,36%

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2018	2.224	2.224
Árið 2019	2.224	2.224
Árið 2020	2.224	2.224
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	6.671	6.671

15. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A-hluti	100%	331.314	34.865	296.450
Hafnarsjóður	100%	19.394	66.708	(47.314)
Vatnsveita	100%	5.455	0	5.455
Hitaveita	100%	21.254	1.059	20.195
Millifærslur, innbyrðis staða		(79.096)	(79.096)	0
Heildarstaða sveitarfélagsins 31.12.2017		298.321	23.535	274.786

16. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

Fjórðungssamband Vestfirðinga
Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks
Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps
Héraðsnefnd Strandasýslu

Sveitarfélagið ber hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna og samstarfsverkefnanna miðað við íbúatölu.

17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila ná eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. Önnur mál

Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A deildar

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjörs.

Í febrúar 2018 samþykkti sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds og var samkomulagið undirritað í mars 2018. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 8,5 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægissjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.

Skipting þess er eftirfarandi:

- 2,9 millj. kr. framlag í jafnvægissjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi, framlagið er gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 5,1 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingu vegna lífeyrisauka, framlagið er gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 551 þús. kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

18. Önnur mál frh.

Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A deildar

Gjaldfærðar eru 3,0 millj. kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017.

Greiðsla heildarframlags á sér stað í upphafi árs 2018 og fjármagnaði sveitarfélagið uppgjörið með lántöku og handbæru fé. Heildarlántaka vegna þessa nam því á árinu 2018 8 millj. kr., á móti færist fyrirframgreiðsla vegna framlaga í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð að fjárhæð 5,6 millj. kr. sem heimilt er að draga frá við útreikning á skuldaviðmiði sbr. breytingu á reglugerð nr. 502/2012.

19. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun	Ársreikningar				
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður	21.575	19.389	28.800	13.966	18.736	6.763
Skuldaviðmið, skv. reglugerð	*	*	*	*	*	*
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	3,4 %	0,6 %	19,4 %	6,0 %	8,9 %	9,9 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	(0,7%)	(2,5%)	16,3 %	1,7 %	6,5 %	6,9 %
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	3,9 %	1,7 %	20,2 %	6,5 %	10,8 %	11,9 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.	0,0 %	0,5 %	0,0 %	22,4 %	15,1 %	0,0 %
Skuldahlutfall	18,4 %	29,5 %	18,0 %	27,7 %	27,5 %	30,9 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum	1,69	2,24	0,26	1,71	1,30	1,60
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga	1,71	0,89	11,74	2,78	4,43	4,26
Veltufjárhlutfall	6,57	3,81	6,06	4,40	6,57	8,70
Eiginfjárhlutfall	93,2 %	89,5 %	92,9 %	90,5 %	91,0 %	91,1 %
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	45,4 %	44,7 %	39,8 %	41,3 %	44,6 %	45,1 %
Fasteignaskattur	4,1 %	3,2 %	3,0 %	3,6 %	4,7 %	5,2 %
Framlög Jöfnunarsjóðs	32,0 %	32,0 %	35,7 %	35,1 %	36,2 %	35,0 %
Lóðarleiga	0,5 %	0,5 %	0,5 %	0,5 %	0,4 %	0,5 %
Skatttekjur samtals	82,1 %	80,5 %	78,9 %	80,5 %	86,0 %	85,8 %
Aðrar tekjur	17,9 %	19,5 %	21,1 %	19,5 %	14,0 %	14,2 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	(55,9%)	(62,4%)	(47,6%)	(55,7%)	(51,5%)	(50,0%)
Annar rekstrarkostnaður	(40,7%)	(37,0%)	(33,1%)	(38,3%)	(39,6%)	(40,1%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	3,4 %	0,6 %	19,4 %	6,0 %	8,9 %	9,9 %
Afskriftir	(4,6%)	(4,3%)	(4,0%)	(4,9%)	(4,2%)	(4,9%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	0,5 %	1,2 %	0,9 %	0,5 %	1,8 %	1,9 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	(0,7%)	(2,5%)	16,3 %	1,7 %	6,5 %	6,9 %

* Skuldaviðmið skv. reglugerð nr. 502/2012, hreint veltufé er umfram skuldir

19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun	Ársreikningar				
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Í þúsundum krónum á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur	829	873	944	842	779	698
Aðrar tekjur	181	212	252	204	127	116
Laun og launatengd gjöld	(565)	(677)	(569)	(582)	(466)	(407)
Annar rekstrarkostnaður	(411)	(401)	(396)	(400)	(359)	(327)
Afskriftir	(47)	(47)	(48)	(51)	(38)	(40)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5	13	11	6	17	15
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	(7)	(28)	195	18	59	56
Efnahagur:						
Eignir	2.750	3.040	3.041	3.068	2.779	2.827
Eigið fé	2.564	2.720	2.825	2.778	2.529	2.576
Skuldir og skuldbindingar	186	320	216	290	249	252
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	39	18	242	68	97	97
Handbært fé frá rekstri	39	17	282	6	117	85
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember	109	109	106	100	109	104

19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun	Ársreikningar				
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður	15.744	16.031	19.639	10.855	17.354	6.999
Skuldaviðmið, skv. reglugerð	*	*	*	5%	*	*
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	6,8 %	7,4 %	14,5 %	9,6 %	9,6 %	13,4 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	0,0 %	0,3 %	9,7 %	1,9 %	3,6 %	4,7 %
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	6,8 %	7,9 %	14,7 %	9,3 %	10,4 %	14,0 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.	0,0 %	(0,0%)	0,0 %	22,9 %	14,0 %	1,5 %
Skuldahlutfall	16,2 %	17,2 %	15,1 %	21,0 %	24,9 %	26,6 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum	0,85	0,41	0,32	1,07	1,22	1,17
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga	3,43	0,64	9,31	4,47	4,73	5,85
Veltufjárhlutfall	2,98	3,17	3,35	2,41	3,80	5,26
Eiginfjárhlutfall	92,7 %	92,1 %	92,9 %	91,2 %	90,4 %	90,5 %
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	39,6 %	38,6 %	36,5 %	36,4 %	40,4 %	38,7 %
Fasteignaskattur	3,1 %	2,3 %	2,2 %	2,7 %	4,1 %	4,4 %
Framlög Jöfnunarsjóðs	27,9 %	27,6 %	32,7 %	30,9 %	32,8 %	30,0 %
Lóðarleiga	0,4 %	0,4 %	0,4 %	0,4 %	0,4 %	0,4 %
Skatttekjur samtals	71,0 %	69,0 %	71,7 %	70,4 %	77,6 %	73,5 %
Aðrar tekjur	29,0 %	31,0 %	28,3 %	29,6 %	22,4 %	26,5 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	(50,2%)	(55,3%)	(46,1%)	(51,1%)	(48,3%)	(44,6%)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %
Annar rekstrarkostnaður	(43,1%)	(37,3%)	(39,4%)	(39,3%)	(42,1%)	(42,0%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	6,8 %	7,4 %	14,5 %	9,6 %	9,6 %	13,4 %
Afskriftir	(6,5%)	(5,8%)	(5,8%)	(6,6%)	(6,5%)	(7,2%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(0,3%)	0,4 %	0,0 %	(0,6%)	0,5 %	(0,5%)
Tekjuskattur	0,0 %	(1,7%)	1,0 %	(0,5%)	0,0 %	(1,0%)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	0,0 %	0,3 %	9,7 %	1,9 %	3,6 %	4,7 %

* Skuldaviðmið skv. reglugerð nr. 502/2012, hreint veltufé er umfram skuldir.

19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun	Ársreikningar				
Í þúsundum krónum á íbúa:	**2017**	**2017**	**2016**	**2015**	**2014**	**2013**
Rekstur:						
Skatttekjur	823	867	937	836	776	698
Aðrar tekjur	336	390	369	351	224	251
Laun og launatengd gjöld	(581)	(695)	(603)	(607)	(483)	(423)
Annar rekstrarkostnaður	(499)	(468)	(514)	(466)	(421)	(398)
Afskriftir	(75)	(73)	(75)	(78)	(65)	(68)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(3)	5	0	(8)	5	(5)
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	1	25	114	28	36	54
Efnahagur:						
Eignir	2.570	2.737	2.786	2.838	2.600	2.665
Eigið fé	2.382	2.521	2.589	2.589	2.351	2.413
Skuldir og skuldbindingar	188	216	197	249	249	253
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	78	99	192	110	104	132
Handbært fé frá rekstri	78	91	241	64	113	133
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember	109	109	106	100	109	104

19. Lykiltölur, frh.

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú ár. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2017	Hlutfall af skattt.	2016	Hlutfall af skattt.	2015	Hlutfall af skattt.
Aðalsjóður						
Skatttekjur	97.445	100,0%	102.382	100,0%	86.228	100,0%
Félagsþjónusta	(2.097)	(2,2%)	(4.056)	(4,0%)	(6.118)	(7,1%)
Fræðslu- og uppeldismál	(55.483)	(56,9%)	(45.971)	(44,9%)	(45.500)	(52,8%)
Menningarmál	(758)	(0,8%)	(1.176)	(1,1%)	(969)	(1,1%)
Æskulýðs- og íþróttamál	(20.732)	(21,3%)	(17.729)	(17,3%)	(17.818)	(20,7%)
Brunamál og almannavarnir	(2.784)	(2,9%)	(2.565)	(2,5%)	(2.265)	(2,6%)
Hreinlætismál	1.055	1,1%	955	0,9%	1.467	1,7%
Skipulags- og byggingarmál	(2.074)	(2,1%)	(1.283)	(1,3%)	(1.513)	(1,8%)
Umferðar- og samgöngumál	(1.787)	(1,8%)	(1.565)	(1,5%)	(1.773)	(2,1%)
Umhverfismál	(2.381)	(2,4%)	(2.749)	(2,7%)	(2.042)	(2,4%)
Atvinnumál	(320)	(0,3%)	(212)	(0,2%)	(63)	(0,1%)
Sameiginlegur kostnaður	(17.358)	(17,8%)	(14.114)	(13,8%)	(14.249)	(16,5%)
Framlag til A deildar Brúar	(2.980)	(3,1%)	0	0,0%	0	0,0%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4.534	4,7%	4.809	4,7%	5.024	5,8%
Aðalsjóður samtals	(5.718)	(5,9%)	16.725	16,3%	409	0,5%
Aðrir sjóðir í A hluta						
Eignasjóður	2.716	2,8%	3.916	3,8%	1.344	1,6%
A hluti samtals	(3.002)	(3,1%)	20.641	20,2%	1.753	2,0%